

Fornleifakönnun vegna framkvæmda við brú á Gaulverjabæjarvegi í Flóahrepp



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 27-18
Nóvember 2018

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning mán/ár: Nóvember 2018
		Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: NV nr. 26-18	Verknúmer: 533	
Heiti skýrslu: Fornleifakönnun vegna framkvæmda við brú á Gaulverjabæjarvegi í Flóahrepp		Blaðsíður: 1 0
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Upplag: 5
Verkefnisstjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Fjöldi korta: 2
		Gerð skýrslu/Verkstig: Lokaskýrsla
		Unnið fyrir: Vegagerðin, Suðursvæði
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning í landi Lækjarbakka í Flóahrepp á mjög litlu svæði þar sem á að tvöfalda brú yfir Loftstaðaá.		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning, framkvæmdir		Lykilorð ensk:
Undirskrift verkefnastjóra:		Yfirfarið af: H B A

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR.....	2
1. INNGANGUR.....	4
2. AÐFERÐAFRÆÐI.....	4
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga.....	4
2.2 Aðferðafræði við fornleifaskráningu.....	5
2.3 Skrá yfir fornleifar	6
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	6
4. FORNLEIFASKRÁNING	6
4.1 Saga.....	6
4.2 Fornleifaskráning á framkvæmdasvæðinu.....	6
4. NIÐURSTAÐA.....	8
5.1 Kort	9
5. HEIMILDASKRÁ.....	10

1. INNGANGUR

Að beiðni Erlings Jenssonar hjá Vegagerðinni á Selfossi gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun vegna framkvæmda við Villingaholtsveg um 116 m suður af bænum Lækjarbakka. Rannsóknin fór fram 29. Október 2018 og var gerð af Margréti Hallmundsdóttir fornleifafræðing sem jafnframt sá um skýrslugerð.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Skoðað var svæði sem var 100 m út frá aðrennslisskurði og þar sem önnur mannvirki eru fyrirhuguð. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

„Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir,

myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

„fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði við fornleifaskráningu

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir þekktir minjastaðir voru skráðir og teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af þeim.

2.3 Skrá yfir fornleifar

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og hefur svæðið verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar ásamt því að skýrsla er skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 1986 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 1986-001.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Framkvæmdasvæðið er um 116 m suður af bænum Lækjarbakka en þar á að gera vegbætur á Villingaholtsvegi með því að taka af einbreiða brú yfir Stóralæk neðan við bæinn.

4. FORNLEIFASKRÁNING

4.1 Saga

Saga Lækjarbakka er stutt þar sem Lækjarbakki er nýbýli byggt úr 1/3 hluta lands Eystri Loftstaða árið 1956.¹

4.2 Fornleifaskráning á framkvæmdasvæðinu

Númer: 1986-001

Hlutverk: Rúst

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N:407100 A:368459

Staðhættir: Um 15 m suður af Villingaholtsvegi þar sem hann liggur yfir Stóralæk er þúst sem virðist vera fjárhús með lítilli hlöðu aftan við.


Minjalýsing: Rústin er 12 m á lengd og 9 m á breidd og virðist vera tvö hólf. Hæð veggja er um 1 m en rústin er mikið samfallin og grasivaxin. Rústin virðist ekki vera mjög forn.



Mynd 1. Ljósmynd af rústinni tekin í austur.

¹ Sunnlenskar byggðir II Flóinn 1981:134

Hættumat: Mikill hættta.



Teikning 1. Teikning af rústinni.

Númer: 1986-001

Hlutverk: Garðlag?

Tegund: Garður

Staðsetning: N: 407090 A:368464


Staðhættir: Vestan við rústina [001] er mögulega garður eða garðbrot sem liggur meðfram ánni.

Minjalýsing: Garðbrotið var mælt 92 m en er líklega mun styttra. Alls ekki er víst að um garð sé að ræða þar sem Stórilækur (Loftstaðaá) virðist hafa verið grafin eins og skurður og hinum megin við (austan Stóralækjar) er að finna uppmokstur frá þeirri framkvæmd. Þarna við lækinn eru líka slóðar sem gætu hafa myndað ruðninga sem viðast vera garðar.

Hættumat: Mikil hættta.



Mynd 2. Ljósmynd af mögulegum garði tekið í suður.



Teikning 2. Teikning sem sýnir rúst og mögulegan garð.


4. NIÐURSTAÐA

Gert verður framhjálaup á veginn á meðan á framkvæmdir á tvíbreiðri brú standa yfir. Þetta framhjálaup fer að hluta yfir rústina og er hún því í mikilli hættu. Verði veginum aðeins hnikað til og rústin girt af eins og rauða línun á korti 3 sýnir er hægt að forða rústinni frá skemmdum. Könnunarskurður myndi skemma rústina nokkuð og allt útlit á henni bendir til að hún sé ekki af mjög gömlu útihúsi. Besta niðurstaða yrði að ef hægt væri að hnika til framkvæmdum og girða rústina af á framkvæmdatíma. Nokkur vafi er á hvort skráð garðlag sé í raun garður en hann sést ekki vel á loftmyndum. Það er mat skýrsluhöfundar að menningarverðmæti þessa mögulega garðlags sé ekki það mikið að það þurfi að hindra framkvæmdir.

5.1 Kort



Kort 1. Fyrirhugaðar framkvæmdir og innmælingu minja. Kort: Vegagerðin.



Kort 2. Rauði hringurinn eru þau mörk sem þarf að griða af til að rústin verði ekki fyrir skemmdum

5. HEIMILDASKRÁ

Sunnlenskar Byggðir II. Flóinn Búnaðarsamband Suðurlands. 1981